

Samfélags- og náttúrufræði 2. – 3. bekkur

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir og Salóme Svandís Þórhildardóttir

Almennt um kennsluna

Sex tímar í samfélags- og náttúrufræði á viku í samkenndu, þarf af eru þrjár kennslustundir á viku ætlaðar í útikennslu.

Hæfniviðmiðin eru sett fram í þremur þáttum; reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur.

Við lok skólaárs geta nemendur:

Reynsluheimur

- Borið kennsl á gildi er varða virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðingu.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni.
- Sagt frá völdum tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar og hvernig hún birtist í munum og minningum.

Hugarheimur

- Geti sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, fyrirmyndum, siðum og venjum.
- Geri sér grein fyrir neikvæðum og jákvæðum áreitum í umhverfinu sem þarf að lýsa og gera grein fyrir og jafngildi bæði sínu og annarra.

Félagsheimur

Taki þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, virt og greint ólíkar skoðanir.

- Geti áttað sig á ólíkum fjölskylduformum, bakgrunni og mismunandi lífsviðhorfum.
- Átti sig á gildum jafnréttis í daglegum samskiptum, sýni tillitssemi og samvinnu.

Skipulag kennslu

Kennsluaðferðir: innlagnir, umræður, lesið spurt og spjallað og myndbönd.

Námsgögn: Halló heimur 1 og 2, efni af netinu, umhverfið og náttúran.

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmati og símati á verkefnum og vinnubrögðum.

Dagsetning	Viðfangsefni
ágúst	
september	Árið, árstíðirnar, veðrið
október	Umferðin, umferðarmerki, umhverfið okkar
nóvember	Mannslíkaminn og sjálfsmyndin
desember	Trú, þjóðtrú, trúarbrögð